



LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

6. árg. 1997 1. töl.



Stóraukið framlag til skógræktar

Trjávöxtur í lúpínubreiðum

Spretthlauparinn í íslenskri skógrækt – alaskaösp

Rauðþinur - forvitnilegt jólatré

Þetta er afar fágæt trjátegund hér á landi. Latneska heitið er *Abies magnifica* (A.Murr.). Ágúst Árnason skógarvörður í Borgarfirði og Þórarinn Benediktz sérfræðingur á Mógilsá söfnuðu 5 kg fræs af tegund þessari 1971 á Shastafjalli nyrst í Kaliforníu í 2.440 m h.y.s. Fræið spíraði illa, svo að ekki uxu upp af því margar plöntur, enda var því safnað við skógararmörk. Nú eru til eintök af þessari tegund á þremur stöðum á landinu, að því er mér er kunnugt.

Í Múlakoti í Fljótshlíð eru tvö tré sem standa undir berginu í trjásafninu þar, 5,95 og 3,80 m há. Á Mógilsá á Kjalarnesi eru til eitt eða fleiri eintök. Á Hallormsstað voru gróðursettar árið 1980 440 plöntur af rauðþini ásamt öllum sýnum af fjallaþini, sem þeir félagar Ágúst og Þórarinn söfnuðu í NV-Ameríku. Gróðursetningin heppnaðist afar vel. Fyrstu 10 árin stóð yfir plöntunum þéttur birkiskógur sem síðan var grisjaður. Þessi þétti birkiskermur hefir dregið eitthvað úr hæðarvexti og leitt til þess, að trén eru nú mishærri en ella. En fullyrða má, að fyrir bragðið hafi flestar plönturnar komist á legg. Vorið 1996 var meðalhæð trjáanna um 1,3 m, en hæsta tré 2,25 m. Trén eru mjög hraustleg, kalnánast ekkert.

Samanburður við kvæmin af fjallaþini á þessum stað sýnir að kalskemmdir eru ívið meiri á fjallaþininum. Rauðþinurinn sýnist vera með jafnbreiðari krónu og er ívið lægri en fjallaþinurinn.

Krónulag trjáanna í þessum teig af rauðþini bendir eindregið til þess, að hér sé á ferðinni mjög áhugaverð tegund sem jólatré. Stendur nú til að afla frekari sýna af honum og leggja út tilraunir, sem hafa jólatréstöku að markmiði.

Rauðþinur - heimkynni og loftslag

Rauðþinur vex í mjóu beltí í Snæfjöllum Kaliforníu, nyrst í fylkinu á Shastafjalli (er gjarnan talið sérstakt afbrigði þar, var. *shastensis*) og loks á einangruðu svæði syðst í Oregonfylki.

Rauðþinur vex á svæðum, þar sem vetur eru langir, snjóþyngsli mikil og sumur stutt og þurr. Þar sem rauðþinur drottinnar, endist snjóþekja til loka júní eða júlíbyrjunar. Úrkoma í júlí og ágúst er venjulega minni en 25 mm og fellur venjulega í þrumuveðrum. Rauðþinur vex aðallega í 2-3000 m h.y.s. í heimkynnum sínum. Hæsta tré, sem vitað er um, var 62 m hátt og 165 cm í þvermál í brjósthæð.

Sigurður Blöndal fyrrverandi
skógræktarstjóri.

Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands.
6. árgangur, 1. tölublað, febrúar 1997.
Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands.
Ábyrgðarmaður:
Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.
Ritstjóri: Arnór Snorrason.
Forsíðumynd: Bergfura í vetrarskrúða.
Mynd: J.G.P. (S.I.).
Prentvinnsla: PRENTHÖNNUN ehf.
Gefið út í 7500 eintökum.



Rauðþinur í Hallormsstaðaskógi. Mynd: S.BI.

KJÖTMJÖL

fyrir fallegri og betri gróður

Kjöttmjöl Afurðasöluinnar Borgarnesi hf. er lífrænn áburður og því mjög hentugur vegna mikils innihalds fóstors sem styrkir rótavöxt, köfnunarefni, kalks, magnesíums auk fjölda annara snefilefna.

Mjölið leysist hægt upp og gefur þar með næringu í langan tíma.

Tilraunir Landgræðslu Ríkisins benda til að kjöttmjölið sé ákjósanlegur áburður til landgræðslu og uppbyggingar á gróðursnauðum svæðum.

Afurðasalan Borgarnesi hf. hefur ætíð haft það að leiðarljósi að fullnýta sem mest það hráefni er kemur til vinnslu. Með þróunarstarfi og tilraunum hefur góður árangur náðst á þessu sviði m.a. með framleiðslu á dýrafóðri, bæði í formi lysis og mjöls.



Afurðasalan Borgarnesi hf. - S. 437-1190 - Fax 437-1093



Kjöttmjölið hentar mjög vel sem áburður fyrir tré, runna, blóm og undir nýlægt torf

Hafið samband við sölumenn okkar og fáið frekari upplýsingar



KORTEN

STÓRAFMÆLI Á ÁRINU 1996

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar og Skógræktarfélag Reykjavíkur 50 ára



Í tilefni afmælis Skógræktarfélags Reykjavíkur var afhjúpaður myndarlegur bautasteinninn í Fossvoginum. Mynd: J.G.P. (S.Í.).

Tvö skógræktarfélög áttu stórafmæli á liðnu ári, en Skógræktarfélag Hafnarfjarðar og Skógræktarfélag Reykjavíkur voru stofnuð árið 1946 og urðu því bæði fimmtug. Þróttmikið brautryðjendastarf þessara félaga hefur skapað ein fjölsóttustu útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins eins og allir þekkja.

Fimmtíu ára saga Skógræktarfélags Hafnarfjarðar hefur verið skráð á bók, sem nefnist Græðum hraun og grýtta mela og eins er saga Skógræktarfélags Reykjavíkur rakin í ítarlegri grein í Skógræktarritinu 1996. Hvetjum við lesendur til þess að kynna sér þessi rit. Bók Skógræktarfélags Hafnfirðinga má fá á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands.

Félögin héldu bæði afmælisfagnaði og var Laufblöðungur að sjálfsögðu mættur á staðinn og voru meðfylgjandi myndir teknar við það tækifæri.



Á svæði Skógræktarfélags Hafnarfjarðar við Hvaleyrarvatn er fjölsótt útivistarsvæði. Á afmælisárinu var aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Hafnfirði og er myndin tekin af aðalfundargestum á göngu í skóginum. Mynd: J.G.P. (S.Í.).

Alaskaösp að vaxa upp úr lúpínubreiðu. Takið eftir hve lúpínan er orðin gísín og skógarbotnstegundir byrjaðar að taka við. Mynd: A.S. (S.Í.).

Trjávöxtur í lúpínubreiðum

Verða landgræðsluskógarnir svona fallegir, eins og myndirnar sem fylgja með þessari grein sýna, eftir 25 til 30 ár?

Svarið er einfalt, já það er afar líklegt ef réttum aðferðum er beitt.

Þessar myndir eru teknar í Vatnshlíð í Hafnarfirði en þar ræktaði Hákon Bjarnason fyrrv. skógræktarstjóri og hans fólk sinn eigin skóg. Á aðalfundi Skf. Íslands sem haldinn var í Hafnarfirði síðastliðið haust var fundargestum boðið í heimsókn í Vatnshlíð en þar tóku á móti fólkinu Guðrún Bjarnason, ekkja Hákonar, og börn og barnabörn hans.


Vatnshlíðin er skólabókardæmi um hvernig hægt er að breyta gróðursnauðum grágrýtismelum í þróttmikinn skóg. Í litlum bæklingi sem okkur var afhentur við komuna er ræktunarsagan rakin. Ljóst er að alaskalúpína með hæfileikum sínum til að binda köfnunarefni úr andrúmslofti gegnir lykilhlutverki í hve þróttmikill og vöxtulegur skógurinn er orðinn.

Byrjað var að gróðursetja í Vatnshlíð 1956 en gróðursetningarnar á myndunum eru mun yngri. Lúpínu var fyrst sáð á melana 1957 og náði hún smám saman að

þekja þá. Þar sem áður var aðeins urð og grjót er nú kominn 30 cm þykkur moldarjarðvegur. Eftir nokkurn tíma fór lúpínubreiðan að gísna og mosi og aðrar háplöntur skutu upp kollinum. Síðan hefur verið plantað innan um lúpínuna með þessum ágæta árangri sem myndirnar sýna. Sitkagreni og alaskaösp hafa spjarað sig vel en það er alveg deginum ljósara að án jarðvegsbætandi áhrifa lúpínunnar gætu ekki þessar kröfuhörðu tegundir vaxið eins vel á landi sem þessu. Verr hefur gengið með stafafuru en smáplönturnar virðast þola illa samkeppnina frá lúpínunni og stærri furur leggja mikið í greinavöxt og verða því oft kúlulaga. Stafafuran virðist hreinlega ekki þola hátt köfnunarefnishlutfall í jarðvegi.

Þegar trjáplönturnar hækka og stækka og fara að varpa skugga á lúpínuna hörfar hún skjótt og við tekur hefðbundin skógarbotngróður með tegundum eins og vallelftingu.


Þetta dæmi sýnir okkur að forræktun á landi með lúpínu leiðir okkur ekki í neitt öngstræti. Þvert á móti verður eftirleikurinn auðveldari því að lúpínan gjörbreytir jarðveginum á stuttum tíma.



Gróskulegt sitkagreni í lúpínubreiðu. Eins og sjá má á ársprotanum er vöxturinn mjög góður. Þetta sitkagreni væri annaðhvort dvergur eða dautt hefði það verið gróðursett í grágrýtismelinn án forræktunar með lúpínu. Mynd: A.S.(S.Í.).



Stafafura í hörfandi lúpínu. Kúlulögunin er einkennandi fyrir stafafuru í lúpínu, mestur kraftur fer í greinavöxt en minni í toppvöxt. Mynd: A.S. (S.Í.).



Kurlarar, vélorf og BÚMANNS áhöld



LINDANA - kurlarar

Danska fyrirtækið LINDANA er í fararbroddi í Evrópu hvað varðar framleiðslu og sölu á öflugum kurlurum fyrir skógræktarfélög, stofnanir og sumarbústaði. Í Danmörku eiga 70% allra bæjarfélaga LINDANA-kurlara. Skógrækt ríkisins á Hallormsstað og Skógræktarfélag Reykjavíkur, ásamt Vélamiðstöð Reykjavíkur, eiga LINDANA 960. Einnig eiga Garðabær og Landgræðslusjóður LINDANA 760. Þessir kurlarar skila allir góðum árangri.

Tanaka - vélorf

Japönsku TANAKA-vélorfin eru 0,8-2,5 hestöfl. Þau eru með sjálfvirkar þröðamatara í sláttuhausnum. Handföng þeirra eru hönnuð fyrir edlilega vinnustellingu. TANAKA í Japan framleiðir einnig keðjusagir, limgerðisklippur, kantskera og lauf- og grassugur.



**BÚMANNS
ÁHÖLD**


VETRARSÓL EHF. framleiðir og selur eigin áhaldalinu, BÚMANNSÁHÖLD. Þau eru sérsmiðuð fyrir harðgerðar aðstæður hér á landi. Notendur þessara áhalda eru orðnir fjölmargir. Þau reynast afburðaveg, þykja lipur og sterk.

1. GRÖÐURSETNINGARSTAFIR. Þrjár stærðir - úr stáli.
2. STÁLKANTSKERAR.
3. ÁLHRIFUR. Skipta má um tinda.

VETRARSÓL

Hamraborg 1-3 (norðanmegin)
Kópavogi. Sími 564 1864.

VETRARSÓL EHF. selur framleiðslu STIGA-verksmiðjanna í Svipjöð. Það eru sláttuvélar af öllum stærðum auk jarðvegstætara o.fl. Einnig selur VETRARSÓL loftþúða- og valsa-sláttuvélar frá ALLEN í Englandi og ýmsar gerðir sláttuvéla fyrir golfvelli og bæjarfélög frá TORO í ameríku.



Við skógarmörk á Fujifjalli. Mynd: P.Ben.

Skógræktarferð til Japans

Síðastliðið haust fóru tveir skógræktarmenn, þórarinn Benedíkt sérfræðingur á Mógilsá og Pétur J. Jónasson skógræktaráhugamaður, í söfnunar- og kynnisferð til Japans. Ekki er vitað til þess að Íslendingar hafi farið í slíka ferð þangað áður og því um viðburð að ræða.

Þeir félagar fengu góðar viðtökur í Japan og meðan á dvölinni stóð ferðuðust þeir um norðurhluta Honshu-eyju og komust einnig til Hokkaido-eyju sem er nyrsta stóra eyjan í Japanska eyjaklasanum.

Fyrir utan að heimsækja ýmsar rannsóknastöðvar komust þeir upp í skógarmörk bæði á Hokkaido og Honshu. Á Hokkaido eru skógarmörkin í um 1460 m h.y.s. og vaxa þar ýmsar tegundir trjáa, s.s. runnafura (*Pinus pumila*), glitgreni (*Picea glehnii*), sakhalínþinur (*Abies sachalinensis*) og steinbjörk (*Betula ermanii*). Á Honshu-eyju

komust þeir félagar upp að skógarmörkum við hið fræga fjall Fuji í nágrenni Tokyo. Þar eru skógarmörkin mun hærri eða í 2.400 m h.y.s. Japanslerki (*Larix kaempferii*) myndar þar skógarmörk ásamt nokkrum lauftrjám s.s. steinbjörk, reynivið (*Sorbus commixta*) og elri (*Alnus maximowiczii*).

Þrátt fyrir að frætekja væri afar léleg í Japan síðastliðið haust náðu þeir félagar með sér frá Japan 230 sýnum í formi fræs, græðlinga eða plantna. Þar af voru um 20 fræsýni af bartrjám frá Hokkaido. Tæplega fjórðungur efnisins er frá skógarmörkum og er það sá hluti sem hefur einna mesta möguleika á að þrífast hér á landi. Það verður gaman að vita hvort eitthvað af þessum trjám og runnum á eftir að auðga flóru íslenskrar garð- og skógræktar. Nánar verða þessari Japansferð gerð skil í næsta skógræktarriti.

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins:

Aðalbakari
Aðalgeir Sigurgeirsson hf
Aerobic Sport
Akureyrar Apótek
Almiðlun ehf
Apótek Austurbæjar
Apótek Grafarvogs
Barnafataverslunin Lipurtá
Barr ehf
Barri hf
Betra líf
Beyki hf
Bifreiðaverkstæði Kópavogs
Bifreiðaverkstæði Sigurðar
Birta heildverslun
Bilabær
Bilaleigan AKA
Bilarétting Beyja
Bilasalan Borg hf
Bilastjarnan Kar ehf
Bilaverkstæði Ella
Bilaþjónustan Vík
Bjarmar ehf vélaleiga
Björgun hf
Björn & Guðni hf
Björn Traustason hf Byggingav.
Björnsbakari Austurströnd
Blásteinn
Blikk & tækniþjónustan
Blikksmiðja Einars hf
Blómabúð Reykjavíkur
Blómabúðin Hlíðablóm
Blómakunst
BOB vinnuvélar
Borgarbókasafn Reykjavíkur
Borgarbyggð
Bókabúðin Hlíðum
Bókasafn Héraðsbúa
Bókasafn Hrunamanna
Bókasafn Vopnafjarðarhrepps
Bókasafn Þorlákshafnar
Brúarskóli
Búnaðarfélag Holtahrepps
Búnaðarfélag Hvolhrepps
Búnaðarsamband Kjalarnessþings
Búnaðarsamband Suðurlands
Búnaðarfélag Kirkjubæjarhrepps
Byggðasafn Árnesinga
Byggðasafnið Skógum
Byggt & flutt
Bændasamtök Íslands
Dalabyggð
Daltré hf
Djúpavogshreppur
Dragi ehf bíla & búvélavíðg.
Efnalaug Suðurlands ehf
Eggert Kristjánsson
Egilsstaðabær
Eldvarnarmiðstöð Norðurlands
Electro & co ehf
Endursk.míðst. Coopers & Lybrand
Endurskoðun Sig. Stefánssonar
Endurvinnslan hf
Engilbert Snorrason
Eyrarsparisjóður



Sjálfsáningar verða æ meira áberandi

Undanfarin ár hefur farið að bera meir og meir á því í nágrenni skógarreita og þéttbýlissvæða, að ýmsar tegundir trjáa og runna vaxi úr grasi af eigin rammleik. Þessar plöntur eru vaxnar upp af fræjum sem oft hafa borist um langan veg með vatni og vindum og lent á stöðum þar sem skilyrði eru til spírunar.

Ástæður þess að sjálfsáningar færast í aukana eru fyrst og fremst þrjár. Sú fyrsta er aukin ræktun tegunda, sem geta sáð sér út sjálfar. Skipta þar ýmsar tegundir runna miklu máli. Önnur er sú að tré eru farin að ná þeim þroska að á þeim þroskist fræ, ekki síst hin ýmsu barrtré. Þriðja mikilvæga skýringin er minnkandi beitarálag og aukin friðun lands. Þar sem beit er eiga litlar trjáplöntur litla lífsvon.

Þannig eru þetta bæði innfluttar og innlendar tegundir sem við sjáum nema hér land í auknum mæli. Sérstaka athygli vekur hvað lauftré virðast vera að sá sér víða út. Ýmsar víðitegundir er til að mynda orðið algengt að rekast á vítt og breitt um landið, eins og sést á meðfylgjandi myndum. Fræ þeirra er smátt og berst því auðveldlega með vindi um langan veg.

Eitt dæmi um stað þar sem alaskavíðir hefur sáð sér út er við Læk í Dýrafirði.

Móðurplönturnar eru annars vegar „Gústa“ sem stungið var sem græðlingum vorið 1989. Hitt foreldrið, hvað sem það nú er, var gróðursett sem tilraunaplöntur (alaska '85) á árunum 1990-92. Fyrst sáust sjálfsánar plöntur sumarið 1995 og þessar á myndinni hér til hægri eru frá því ári. Þær eru orðnar 30-40 cm háar og skipta hundruðum á svæði sem er í 100-400 m fjarlægð frá móðurplöntunum, en það var jarðunnið og í það gróðursettar asparplöntur sem einnig sjást á myndinni.

Á þennan hátt njótum við því aðstoðar náttúrunnar sjálfrar við að stækka umfang skóga landsins.



Sitkaölur er trjátegund sem hefur mikla möguleika á því að breiðast út af sjálfsdádum hér á landi. Myndin er af sjálfsánum elriplöntum í Hveragerði, en móðurplönturnar eru 10-15 ára gamlar. Mynd: J.G.P. (S.Í.).



Á svæðinu í kringum Bifröst í Borgarfirði er mjög víða að finna sjálfsána víðju. Fræið berst með vindi langar leiðir og virðast vera góð skilyrði fyrir spírun í röskuðu landi við vegkanta, en þar er hana að finna í hundradatali. Mynd: J.G.P. (S.Í.).



Nokkrar sjálfsánar alaskavíði plöntur á Læk í Dýrafirði sem sagt er frá í texta. Mynd: S.P.

**Taktu mið
af gæðunum
og gerðu
verðsamanburð**

Vörur og þjónusta – ráðgjöf við plöntuval

Í sumar mun Fossvogsstöðin verða með til sölu, skógarplöntur, tré, runna, sumarblóm, ræktunarmold, garðverkfæri og annað sem nauðsynlegt er til ræktunar. Þjónusta við viðskiptavinum mun verða með svipuðum hætti og verið hefur.

Á söluhláðinu verður auðvelt að nálgast fagfólk með mikla þekkingu og reynslu. Leiðbeiningar um ræktun, val á plöntum og öðru er við kemur plöntum, vexti og viðgangi þeirra hefur ávallt verið stór liður í þjónustuveitingu félagsins.



Vefjaræktaður ilmreynir
– nýjung í framleiðslu.

Nýjung í plöntusölu – vefjaræktaðar hnausplöntur

Þegar við lítum yfir reitina hjá okkur og skoðum allar þær tegundir sem verða í boði á söluhláðinu í sumar þá vekja mesta eftirtekt trén sem fjölgað hefur verið með vefjarækt. Þau bera af hvað varðar jafnan og fallegan vöxt. Vefjaræktað tré sem eru af eina og sama móðurtrénu eru eins í útliti með nákvæmlega eins haustliti og fella laufið á sama tíma. Þau henta því vel þegar velja á saman plöntur í trjároð.

Í vor bjóðum við upp á fyrstu vefjaræktaðu hnausplönturnar sem eru 125–175 sm háar, birkir, silfurreynir og reynivið (ilmreynir). Þegar valin eru birkitré skal hafa í huga að ásamt því að velja þau eftir útliti er hægt að velja haustlit gulan, appelsínugulan eða rauðan.

Taktu mið af gæðunum – tryggðu þér hámarks árangur

Að ná árangri í að rækta fallegan garð eða við gróðursetningu í sumarhússlandið krefst markvissrar áætlunar og ráðgjafar um plöntuval.

Áratuga reynsla okkar í ræktun við íslensk skilyrði hefur ásamt tæknivæddum aðferðum tryggt gæði framleiðslunnar. Í Fossvogsstöðinni finnur þú plöntur sem fullnægja kröfum þínum um verð og gæði innan um þær milljón plöntur sem við framleiðum árlega og þú finnur líka ráðgjöf sérfræðinga. Nýjung í þjónustu okkar við viðskiptavinum er sú hagkvæmni sem felst í greiðslukjörum sem í boði eru og tilboðsgerð í stærri verk. Leitaðu upplýsinga hjá fagaðilum okkar.



Söluvæði Fossvogsstöðvar.

Sumarblóm – fjölbreytni í framleiðslu

Sí, sumar framleiddi og seldi Fossvogsstöðin í fyrsta sinn elgin sumarblóm. Blómin seldust upp og voru viðskiptavinir mjög ánægðir með gæði plantanna. Nú í sumar verður boðið upp á enn fleiri tegundir sumarblóma í pottum og bökkum. Eingöngu er notað úrvals fræ sem gefur jafnar og blómríkar plöntur og áhersla lögð á að plönturnar séu ekki teygðar og að þær séu vel undir það búnar að vera settar niður úti.



Sýnishorn af sumarblómaframleiðslu.

Í fararbroddi með nýjungum – Fossvogsstöðin á Internetinu

Um þessar mundir er verið að undirbúa heimasíðu Fossvogsstöðvar á Internetinu.

Heimasíðan er viðbót við þjónustu félagsins en helsta markmið hennar er að auðvelda almenningi og viðskiptavinum undirbúning í ræktunarstarfi og val á hentugum plöntum. Ýmsan fróðleik verður að finna þar sem ætti að gagnast vel byrjendum og þeim sem lengra eru komnir í garð- og skógrækt. Netfangið mun verða auglýst síðar.

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins:

Fannir hf
Farfuglaheimilið Reynisbrekka
Fasteignamiðlunin Berg
Fatagerðin Íris sf
Ferðamiðstöð Austurlands
Ferðapjónusta bænda
Ferðapjónusta bænda Stafafelli
Ferðapjónustan Ásgarður
Ferðapjónustan Húsafelli
Félagskaup hf
Fiskiðjúsamlag Húsavíkur hf
Fiskverkun Jónasar Ágústssonar
Fjallalamb hf
Fjaðrabúðin Partur
Fjarskiptastöðin Gufunesi
Fjölföldun Þorbergs & Sigurjóns
Fjölprent hf
Fjölverk-verktakar
Flugfélag Austurlands
Flutningamiðstöð Suðurlands
Flúðaplast hf
Fossvogsskóli bókasafn
Fóðurkorn ehf
Framhaldsskólinn í Skógum
Framhaldsskóli Vestmannaeyja
Freyja hf
Frjó ehf
Frjóangi hf
G.H. verkstæði
G.J. Fossberg Vélaverslun ehf
G.K. Heildverslun
G.R.M. endurskoðun ehf
G.V. Heildverslun
Gagnaeyðing ehf
Garðabær
Gámakó hf
Gámapjónustan hf
Gerpir ehf
Gesthús Selfossi
Gistiheimilið Syðra-Langholti
Glerárlaug
Glerslípun Akraness
Gilverksmiðjan Íspan hf
Glófi hf
Gólfslípun E. Hannessonar
Grafarvogs Apótek
Grasefnavörur - heildverslun
Grímsneshreppur Gróandinn
Gróco hf
Gróðrarstöðin Réttarhóll
Guðbjörg Jóhannsdóttir
Gunnar Hallgrímsson
H.Filipsson hf
Hafdal hf
Hafnarey SF-36
Haraldur Böðvarsson hf
Haraldur S. Magnússon
Hármenn hf
Hársnyrtistofa Vilborgar
Hársnyrtistofan Anna & Nína sf
Heilbrigðiseftirlit Norðurl.eystra
Heilbrigðiseftirlit Vestmannaeyja
Heilsugæslustöð & sjúkrahús Egilsstöðum
Heimsklúbbur Ingólfs & Prima

Hópfarðabifreiðar 8-70 sæta



Teitur Jónasson ehf

Sími: 564 2030



Umhverfið

– fréttabréf umhverfisráðuneytisins

<http://www.mmedia.is/umhverfi/>



EIMSKIP



Morgunblaðið



REYKJALUNDUR

RJC
ROLF JOHANSEN & COMPANY

Samtök iðnaðarins

Meðferð birkiskóga

Í nýútkomnu 24. hefti norsks rits um landbúnaðarrannsóknir „Norwegian Journal of Agricultural Sciences“ er athyglisverð grein um meðferð birkiskóga eftir dr. Tord Johansson. Þar er fjallað um ræktun hinna tveggja birkitegunda sem vaxa á Norðurlöndum, hengibjarkar (*Betula pendula* Roth) og ilmbjarkar (*Betula pubescens* Ehrh.). Þriðja birkitegundin á Norðurlöndum, hinn dvergvaðni fjalldrapi (*Betula nana* L.), fær ekki meðferð sem skógartré af augljósum ástæðum.

Mikinn fróðleik er að finna í greininni, ekki síst fyrir okkur Íslendinga, sem erum að fást við að rækta birkiskóga til endursköpunar vistkerfa, jarðvegsverndar, yndisauka og viðarnytja. Hér á eftir eru nokkrir punktar úr greininni.

- Ilmbjörk vex best í frjósömum og rökum jarðvegi og þolir bleytu betur en hengibjörk. Hengibjörk þarf helst djúpan, frjósaman jarðveg með ferskum raka en þolir þurrk sæmilega vel.
- Báðar tegundir eru mjög ljóselskar, þ.e.a.s. þola illa skugga.
- Báðar tegundir eru duglegar að fjölga sér með sáningu, en fræ þurfa helst að komast í snertingu við jarðveg til að spíra. Við góð skilyrði getur mjög þéttur skógur vaxið upp eftir sáningu.
- Mjög þéttur birkiskógur skemmist gjarnan vegna snjóbrots. Auk þess veldur mikill þéttleiki því að trén verða með litla krónu, sem dregur úr vexti. Lifandi króna verður að ná yfir a.m.k. 50% af hæð trésins svo það haldi fullum vaxtarhraða.
- Báðar tegundir endurnýja sig einnig með teinungi, sem vex hraðar en fræplöntur.
- Þegar endurnýja á birkiskóg með teinungi er gott að klippa burt alla sprota, nema einn á hverjum stubbi, við tveggja til þriggja ára aldur svo að upp vaxi beinvaxið tré.
- Ef halda á góðum vaxtarhraða og ná miklum viðargæðum þarf að grisja þéttan birkiskóg niður í 1600-2000 tré á ha þegar birkið hefur náð 2-3 metra hæð.
- Gott er að grisja birkiskóg niður í 900-1100 tré á ha þegar birkið nær 10-12 m hæð, niður í 800 tré á ha við 18 m hæð



Sigurður Skúlason, skógarvörður, við fagurvaxna björk í Vaglaskógi, eitt af örfáum beinvöxnum birkitrjám á landinu. Með góðri ræktun geta þau orðið fleiri. Mynd: Þ.E.

og niður í 400-500 tré á ha við 24 m hæð. (Íslendingar þurfa ekki að hafa áhyggjur af efri tölunum enn um sinn.)

- Hengibjörk vex að jafnaði 20-25% hraðar en ilmbjörk. Lotulengd hengibjarkar er oft 60-70 ár en getur farið niður í 40 ár við bestu skilyrði. Lotulengd ilmbjarkar er 60-80 ár. (Lota = tími frá endurnýjun skógar til lokafellingar.)
- Mælt er með rjóðurfellingu eða frætrésfellingu við uppskeru birkiskóga og endurnýjun með sjálfsáningu eða teinungi. (Rjóðurfelling = öll tré felld á tilteknu svæði. Frætrésfelling = bestu trén á tilteknu svæði skilin eftir til að sá sér og endurnýja þar með skógin, oftast fáir tugir trjáa á ha. Síðan eru þau felld þegar nýgræðingur er kominn vel á veg.)

Yfirleitt er ekki ástæða til að birkiskógur fái sérstaka meðferð hérlandis þar sem

flestir vaxa á fremur rýru landi og eru ekki ræktaðir til að gefa af sér við. Þar sem birki vex á frjósömu landi getur hins vegar verið ástæða til að huga að grisjun og góðri meðferð birkiskógarins til að draga úr snjóbroti og auka vöxt, því í honum geta leynst talsverð verðmæti í formi viðar auk náttúruverndar- og útivistargildisins.

Á komandi árum verður meira úrval af birkikvæmum og tegundum á boðstólum en hingað til. Kynbótastarf Gróðurbótafélagsins og Skógræktar ríkisins á íslensku birki gæti skilað trjám innan fárra ára sem orðið geta tiltölulega stórvaxin og beinvaxin. Auk þess bendir ýmislegt til þess að við getum ræktað hér hengibjörk frá norðanverðri Skandinavíu. Góður vöxtur verður þó háður góðri ræktun eftir sem áður.

Þröstur Eysteinnsson,
fagmálastjóri Skógræktar ríkisins.

Yllir bætir við sig 84 m í Suður-Þingeyjarsýslu!

Hvaða lygi er nú þetta, hugsa nú flestir en spurningin er hvernig hæðarvöxtur er mældur.

Síðastliðið sumar var afar hagstætt öllum trjágróðri og vöxtur því mikill. Meðfylgjandi mynd sýnir afar vöxtulegan rauðylli á Laugabóli í Reykjadal. Hann stendur við hús Hjördísar og Hauks Tryggvasonar á Laugabóli. Ársvöxturinn var mældur 2,4 m en 35 slíkir ársprotar mældust á yllinum, $35 \times 2,4 \text{ m} = 84 \text{ m}$!

Það er kannski ekkert skrítið að yllirinn vex svona vel á Laugabóli því þaðan er kominn mikill ættbogi skógræktarmanna. Ættfaðirinn var Tryggvi Sigtryggsson á Laugabóli, mikill áhugamaður og eldhugi í skógræktarstarfinu og einn af frumkvöðlum skógræktar í S-Þingeyjarsýslu.



Synir hans, Haukur, Dagur, Ingi og Hjörtur, eru miklir skógræktarmenn og sonarsonur Þröstur Eysteinnsson er næst-ráðandi hjá Skógrækt ríkisins.

Með yllinum á myndinni er heimasætan á Laugabóli, Hugrún Hauksdóttir, næst yngsta barnabarn Tryggva á Laugabóli.

HÖPFERÐAMIÐSTÖÐIN hm



GIRÐIR


Parft þú að girða í sumar?

Kynntu þér nýju íslensku rafgirðingarstaurana frá Hampiðjunni. Einstakur vírlásinn og endurrunnið plastið gerir Girði varanlega lausn fyrir þig.

Girðir er fáanlegur í eftirfarandi útfærslum.


- G1** Með járnenda sem hentar föstum og grýttum jarðveg.
- G2** Er allur úr plasti og hentar í mýkri jarðveg.
- G3** Rengla milli staura.
- GH** Horn-/aflstaur.
- GH2** Aukabúnaður fyrir mýrlendi.

Vistvæn afurð
Íslenskt hugvit



Söluaðilar

Kaupfélögin um land allt • Í Reykjavík MR búðin



Úr Hallormsstaðaskógi. Mynd: J.G.P. (S.Í.).

Stórátak í landgræðslu og skógrækt til aldamóta við bindingu koltvísýrings

Guðmundur Bjarnason, landbúnaðar- og umhverfisráðherra, greindi frá því 18. desember s.l. að aukalega yrði veitt 450 milljónum kr. til landgræðslu og skógræktar á næstu fjórum árum. Höfuðmarkmið fjárveitingarinnar er að stuðla að því að Íslendingar standi við alþjóðasamninga um að auka ekki nettó losun koltvísýrings út í andrúmsloftið, en koltvísýringur eykur gróðurhúsaáhrifin, sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir Íslendinga eins og alla heimsbyggðina.

Fjárveitingunni hefur verið skipt og fara 260 milljónir kr. til landgræðslu til að auka bindingu koltvísýrings með uppgræðslu og til að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu á uppblásturssvæðum. Til skóg-

ræktar er veitt 190 milljónum kr. til að auka bindingu koltvísýrings með aukinni nytja-skógrækt og til að efla skjólbeltarækt og Landgræðsluskógaverkefnið. Á þessu ári verður aukafjárveitingin 50 milljónir kr. til landgræðslu og 25 milljónir kr. til skógræktar. Sérstök stjórn mun hafa umsjón með áttakinu og ákveða nánar skiptingu milli verkefna. Sú stjórn hefur ekki verið skipuð þegar þetta er skrifað og því ekkert hægt að staðfesta hvernig fjárveitingin skiptist milli einstakra verkefna.

Hins vegar er ljóst að þetta hefur verulega þýðingu fyrir skógrækt í landinu því að framlagið kemur sem viðbót við en ekki í staðinn fyrir það starf sem fyrir er.

Skógrækt hefur nú öðlast nýtt og mikilvægt hlutverk. Auk þess að rækta skóg til að skapa skjól, vernda jarðveg og vera undirstaða verðmætasköpunar í framtíðinni ræktum við nú skóg til að freista þess að draga úr þeirri röskun sem hraðfara hlýnun á jörðinni hefur í för með sér. Hvað varðar okkur Íslendinga getur hlýnunin valdið því að hafstraumar breytast, gjöful fiskimið þurrkast út og sjór flæðir á land þegar hækkar í höfunum. Það er því mikið í húfi, ekki síður fyrir okkur Íslendinga en aðrar þjóðir.

Þróstur Eysteinnsson, fagmálastjóri Skógræktar ríkisins.

Sókn fram til aldamóta

Skóg- og jarðvegseyðing er eitt helsta umhverfisvandamál sem að okkur Íslendingum snýr hér heima. Talið er að liðlega 97% skóga landsins hafi eyðst undanfarin 1100 ár, sem er með því mesta sem þekkist í einu landi á jörðinni. Samkvæmt upplýsingum frá Matvæla- og Landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) í bók Alþjóðabankans *Managing the World's Forests*, verum við botnsætið hvað varðar flatarmál skóga af heildarflatarmáli landa. Einungis eyðimerkurríkið Saudi-Arabía og svo við Íslendingar hafa aðeins um 1 % þekju skóga og kjarra!! Ef við færum okkur upp listann og litum á þau lönd sem hafa tvöfalt meiri skógarþekju en við, þá finnum við tvö önnur eyðimerkurríki, Alsír og Sýrland. Með þrefalt meiri skógarþekju en Ísland eru síðan ríki eins og Burundi, Túnis og Afganistan. Af Evrópuríkjum er það Írland sem næst okkur kemst, en einungis 6% þess eru vaxin skógi og kjarri. Jafnvel sú þéttbýla Danmörk er með 11 % landsins þakin skógi.

Að undanfögnu hefur verið að koma betur og betur í ljós að eyðing skóga er ekki einkamál einstakra þjóða. Skógarnir eru lungu jarðarinnar, framleiða súrefni (O_2) og binda koltvísýring (CO_2). Einnig er þar að finna hvað mestan fjölbreytileika lífsins samankominn, sem gerir þá ómetanlega auðlind fyrir mannkyn allt. Eyðing skóga í einu landi kemur því öllum öðrum þjóðum við.

Árið 1995 voru gróðursettar um 5 milljónir trjáplantna á Íslandi og líklega svipað árið 1996. Miðað við það magn plantna mun það líklega taka að minnsta kosti 100 ár að tvöfalda flatarmál skóga landsins.

Það var því sérstakt ánægjuefni öllum þeim sem láta sig umhverfismál varða þegar ríkisstjórnin tilkynnti núna í desember að auka ætti framlög ríkisins til skógræktar og landgræðslu verulega fram til aldamóta. Með því á að auka gróðursetningar í landinu og er nánar gerð grein fyrir þessu aukna framlagi á öðrum stað hér í blaðinu.



Jarðvegs- og gróðureyðing eru alþjóðleg vandamál. Önnur myndin er tekin í vanþróaða ríkinu Tanzaníu, hin í þróaða landinu Íslandi. Lesendum er látið eftir að þekkja hvor myndin er hvað. Mynd 1 og 2: J.G.P. (S.Í.).

Gamla slagorðið, „að greiða skuldina við landið“ hefur því fengið nýtt inntak. Við erum skuldugri en við höldum. Lánið sem við höfum

verið að taka þessi 1100 ár er ekki einungis fengið frá landinu okkar, heldur heiminum öllum.



LÉTTU ÞÉR STÖRFIN

GARÐAPLAST

Garðaplast fæst í eftirtöldum litum og breiddum:
Hvitt - svart - glært.
1,4 m - 1,8 m - 2 m.



GRÓÐURPOKAR

Gróðurpokar fást í eftirtöldum stærðum:
1/2 - 1 1/2 - 3 lítra.



GRÆNMETISPOKAR

Áprentaðir grænmetispokar í 3 stærðum:
3 kg - 5 kg og 6 kg



SORPPOKAR

Þessir svörtu og sterku. Ömissandi við alla garðhirdu og sorpsöfnun.



VERSLIÐ HJÁ YKKAR FÓLKI Í PLASTOS

Plastos

SUDURHRAUNI 3 • 210 GARÐABÆ

feti framman

SÍMI: 567-8888 • FAX: 567-8889

(Eftir 1.04'97 SÍMI: 555-6500 • FAX: 555-6501)

PLASTOS '97

Fagmenn nota Felco

Svissnesku greinaklippurnar kosta nú frá 1.890-



3.995-

Felco 2

Lengd 21,5 sm
Þyngd 240 gr



3.338-

Felco 4

Lengd 21 sm
Þyngd 220 gr



1.890-

Felco 5

Lengd 22,5 sm
Þyngd 310 gr



4.937-

Felco 7

Lengd 21 sm
Þyngd 290 gr

FELCO®

Það eru tæp fimmtíu ár frá því að Felco klippur komu fyrst á markaðinn. Felco er tákn gæða og endingar í meira en áttatíu löndum, þar sem fagmenn kunna að meta það besta. **Eignastu Felco – til framtíðar.**

ELLINGSEN

Grandagarði 2, Rvík, sími 552-8855, grænt númer 800-6288

Alaskaösp - spretthlauparinn í íslenskri skógrækt

Alaskaösp (*Populus trichocarpa*) er án efa langvinsælasta garðtréð hér á landi. Miklar vonir eru bundnar við hana í skógrækt, þrátt fyrir að hún hafi lítið verið notuð á þeim vettvangi nema á allra síðustu árum. Vinsældirnar stafa ekki hvað síst af því að alaskaösp vex afar hratt strax í æsku og er auðveld í uppeldi. Hún er harðgerð og verður há- og beinvaxin og er fallett lauftré. Stærstu aspir á Íslandi standa í Múlakoti í Fljótshlíð. Þær kól alveg niður í vorhretinu 1963, en hafa vaxið frá rótum í 20 m hæð á aðeins 33 árum. Þess má geta að alaskaösp getur náð allt að 70 m hæð í heimkynnum sínum.

Hæstu tré á Íslandi eru lerkitré á Hall-ormsstað, sem eru um einu feti hærri en öspin í Múlakoti, en 25 árum eldri! Fyrir utan það að vera mesti spretthlauparinn í íslenskri skógrækt er alaskaösp því helsti keppinautur lerkisins um að verða hæsta tré hér á landi.

Alaskaösp var fyrst flutt hingað til lands árið 1944 að tilhlutan Hákonar Bjarnasonar. Reynslan af tegundinni er því orðin liðlega hálfur aldar. Íslenskum skógræktarmönnum hefur orðið æ ljósari þýðing þess að nota rétt kvæmi trjátegunda. Þetta á ekki síður við um öspina en aðrar tegundir. Alaskaösp og víðir (annar en selja) hafa þó talsverða sérstöðu. Þessum tegundum er helst fjölgað kynlaust með stiklingum. Bestu einstaklingum er svo hægt að fjölga að vild. Safn það af einum og sama einstakling, sem myndast

við þetta, er nefnt klónn. Því er ekki aðeins leitað bestu kvæma þessara tegunda, heldur líka bestu einstaklinga.

Öspin fór geysivel af stað fyrstu árin hér á landi. En svo kom áfallið. Eftir einmunablíðu á útmánuðum árið 1963 kom frægt hret 9. apríl. Þar sem hlýindin höfðu verið mest kól flestar aspir niður í rót. Þetta átti t.d. við um lágsveitir á Suðurlandi.

Í framhaldi af þessu áfalli hafa verið farnir nokkrir söfnunarleiðangrar til Alaska. Safnað hefur verið asparklónum frá mun stærra svæði bæði sunnan og í seinni tíð norðan við söfnunarstað fyrstu asparklónanna.

Stóra klónatilraunin

Árin 1992 og 1993 hófust, á vegum Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá skipulagðar samanburðartilraunir með 38 klóna af ösp á 30 stöðum víðs vegar um land.

Höfuðtilgangur tilraunarinnar er að finna út hverjir þessara klóna þrífast best við hinar afar breytilegu aðstæður á landinu. Þegar tilraunaniðurstöður fara að liggja fyrir, vonandi í lok næsta árs, verður hægt að mæla með nokkrum klónum fyrir hvert landsvæði því að tilraunastaðirnir eru svo margir og dreifðir um allt land.

Á myndunum sem fylgja hér með eru tveir af þeim klónum sem eru í tilrauninni og hafa verið ræktaðir hér á landi um nokkurt skeið.



Alaskaösp, kvæmi: Copper River Delta, klónn: Keisari. Einkenni, mjög grófir árssprotar og sver brum. Mynd: Kristinn H. Þorsteinsson.

Viðarnytjar af alaskaösp

Viður alaskaaspar er tiltölulega sterkur miðað við þéttleika. Hins vegar er asparviður laus í sér og ekki endingargóður. Unga stofna má þó gagnfúaverja og nota í girðingarstaura. Viðurinn þornar fljótt og vel og skreppur lítið saman. Stór kostur við asparvið er að eftir þurrkun er viðurinn alveg lyktarlaus. Því er asparviður mikið notaður í umbúðir utan um matvæli.

Erlendis er úrvalsviður af ösp notaður í húsgögn, hurðir og hillur eða flysjaður í þynnur. Úr þynnunum eru, auk krossviðar, framleiddar eldspýtur, eldspýtnastokkar og umbúðir utan um matvæli, s.s. osta og ýmsa smávöru.

Lélegur asparviður er aftur á móti notaður í kassafjalir og vörubretti. Einnig er ösp mikið notuð sem hráefni í pappírs- og spónaplötuiðnaði.

Þessi upptalning sýnir að hægt er að nýta asparvið á ýmsan hátt, þrátt fyrir að hann sé ekki jafn sterkur og endingargóður og t.d. viður af barrtrjám.

*Sigvaldi Ásgeirsson,
sérfræðingur á Rannsóknastöð S.r. á Mógilsá.*



Alaskaösp, kvæmi: Yakutat, klónn: Jóra. Takið eftir hve trén eru öll eins enda öll samklóna. Mynd: Kristinn H. Þorsteinsson.

VINNUVETTLINGAR TIL FRAMTÍÐAR

Þetta eru vandaðir og slitsterkir vinnuvettlingar



Vinnuvettlingar til allra handa • K.Richter hf heildverslun • Sími 565 9000

SAHARA VINNUVETTLINGAR

ÁNINGABORÐ, PRÍLUR OG GÖNGUBRÝR

Framleiðum hin sívinsælu 8 manna áningaborð,
prílur og göngubrýr.



Allar vörur Burkna eru úr gagnvörðu timbri.



BURKNI EHF

Tjaldanes • 371 Búðardalur • Sími: 434 1516

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins:

Hekluhestar

Héðinn Skarphéðinsson

Héraðsdýralæknirinn Egilsstöðum

Héraðsskógar

Hitaveita Dalvíkur

Hitaveita Reykjavíkur

Hitaveita Suðurnesja

Hjólbarðaviðgerðin sf

Hjúkrunarheimilið Skjól

Hnit hf

Holtabúðin

Hólahreppur

Hólavíkurhreppur

Hópbílar hf

Hótel Bláa lónið hf

Hótel Edda

Hótel Harpa

Hótel KEA

Hótel Norðurljós

Hótel Vík í Mýrdal

Hreinsunardeild Reykjavíkurb.

Hrói höttur

Hrunamannahreppur

HSH flutningar

Hugver

Húsavíkurkaupstaður

Húsfélagið Fjörður

Hvalfjarðarstrandarhreppur

Hvalur hf

Höfðahreppur

Höldur bílaleiga

Iðunn

Ísafoldarprentsmiðja

Ísfugl hf

Ískort Ísvík

Íslakk hf

Íslenskir aðalverktakar

Ísmar hf

Ísól hf

Ístak

Jarðefnaiðnaður hf

JBA umboðs & bókhaldsþjónusta

Jóhannes Leifsson gullsmiður

K.Þorsteinsson & Co

Kartöflusalan Svalbarðseyri

Kaupfélag Árnesinga

Kaupfélag Skagfirðinga

Kaupsel hf

Keflavíkurverktakar

Kjörgarður

Knarrareyri ehf

Kom Bókhaldsþjónusta

Korri útgerðarfélag

Krappi hf

Kristbjörn ehf

Kæliverk hf

Landgræðsla ríkisins

Langanes hf

Langholtsskóli

Laugalandsskóli

Lauganesskóli

Leikskólinn Barnaból

Lindin kristlegt útvarp

Límtré hf

Ljósjafinn hf & Siemensbúðin

Sitkagreni breiðist út á sunnanverðu Snæfellsnesi

Trjátegundir geta fjölgað sér með ýmsum hætti í náttúrunni. Hjá barrtrjám er svokölluð kynæxlun algengust en þá frjóvgast egg í kvenblóminu og fræ þroskast. Kynlaus æxlun þekkist einnig hjá barrtrjám, en hefur ekki verið gefinn mikill gaumur hérlandis. Á ferðalagi Laufblöðungs um skóga á sunnanverðu Snæfellsnesi rakst hann á slíkt fyrirbæri.

Í skóginum að Dalsmynni í Eyjahreppi er gamalt sitkagreni sem Margrét Guðjónsdóttir gróðursetti fyrir a.m.k. 40 árum. Skógurinn safnar í sig miklum snjó sem brýtur og skemmir trjágróðurinn mikið, ekki síst sitkagrenið. Það hefur því ekki náð að vaxa mikið upp í loftið, en stofninn er hins vegar gildur og mikill. Í skóginum liggur skafl langt fram eftir sumri. Skaflinn hefur pressað greinar sitkagrenisins niður, þannig að þær hafa vaxið jarðlægt. Þar sem þær liggja með jörð hefur orðið svokölluð sveiggræðsla, það er að segja að á greinum móðurtrésins hafa myndast rætur og það þannig fjölgað sér.



Á myndinni sést Einar Gunnarsson við sveiggrætt sitkagreni í Dalsmynni í Eyjahreppi á Snæfellsnesi. Mynd: J.G.P. (S.I.).

Á myndinni sjást því þrjú tré, sem vaxið hafa upp af því gamla eftir sveiggræðslu. Í skóginum er einnig gamalt broddgreni og hefur það sama gerst með það. Á þennan hátt hafa þessar trjátegundir fjölgað sér sjálfar í skóginum að Dalsmynni og eiga

þannig eftir að vaxa og dafna í framtíðinni.

Kunnugir skógarmenn segja að þetta sé ekki ýkja algengt hér á landi, en þó líklega algengast hjá rauðgreni og lerki á snjóþungum stöðum.

Minningarsteinn um Sigurð Jónasson fyrrverandi skógarvörð

Þann 31. ágúst á liðnu ári var afhjúpaður minningarsteinn um Sigurð Jónasson fyrrverandi skógarvörð á Norðvesturlandi. Af þessu tilefni var efnt til hátíðarsamkomu í Reykjarhólsskógi í Skagafirði en Sigurður átti þar drjúgan hlut að máli að koma þar til plöntum, sem nú eru orðnar að sannkölluðum unaðsreit í hjarta héraðsins. Starf Sigurðar í lítt skógivöxnum héruðum Skagafjarðar og Húnavatnssýslu var giftusamt og árangursríkt. Varla er til sá skógarreitir í umdæminu að þar hafi Sigurður ekki komið eitthvað nærri, færandi plöntur eða gróðursett, og um leið talað máli skógræktar.

Mun það hafa verið frekar regla en undantekning að dvölin tæki oft einhverja daga enda þurfti að tala menn til með lagni og skilningi og ræða um leið landsins gagn og nauðsynjar. Þannig mun starf Sigurðar ekki síst hafa verið fólgið í hvatningu og stuðningi við sína heimamenn. Það var því vel til fallið af þeim sem stóðu fyrir samkomunni, Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélagi Skagafjarðar og Héraðsnefnd Skagafjarðar að velja steininum stað í fallegu rjóðri í Reykjarhólsskógi.

Í skjóli trjána hlýddi hátt á annað hundrað manns á nokkra valinkunna menn flytja látlausar ræður þar sem rifjuð voru upp æviatriði og starf Sigurðar auk þess sem félagar úr karlakórnum Heimi sungu nokkur ættjarðarlög. Að lokum var gestum boðið upp á meðlæti og kaffi í grunnskólanum í

Varmahlíð sem tók hrollinn úr gestum, eftir smá rigningarslitur í skóginum, áður en þeir héldu hver til síns heima. Aðstandendur eiga þakkir skildar fyrir skipulagningu dagskrár og þann sóma sem frumkvöðli í skógrækt var sýndur af þessu tilefni.



Það voru tveir efnilegir kvistir, afkomendur og nafnar Sigurðar, sem afhjúpuðu minningarsteininn en á hann er letrað m.a.: „Þakkar fyrir margháttuð störf til eflingar trjá- og skógræktar í umdæminu“. Mynd: B.J. (S.I.).

Birki á ystu nöf



Á Skagaströnd er starfandi skógræktarfélag, stofnað 29. júní 1988, en hvatamaður að stofnun þess var Jón Jónsson, framkvæmdastjóri Rækjuvinnslunnar og útibússtjóri Kaupfélags Húnavetninga um skeið.

Frá stofnun hefur félagið starfað af fullum krafti og meðal annars tekist á við stór verkefni í Landgræðsluskógum en það svæði er nánar tiltekið í hlíðum Spákonufells og lofar árangurinn góðu. Einnig er unnið að því í samvinnu við sveitarfélagið að koma upp skógvöxnu útivistar- og tjaldsvæði við Höfðahóla í jaðri bæjarins. Það sem vakti hins vegar sérstaka athygli Laufblöðungs við heimsókn til félagsins í sumar var lítill birkireitur, sem kúrir sig í brekkurótum Höfðans eða Spákonufellshöfða eins og hann heitir réttu nafni. Tilurð þessa reits, sem mun víst ekki ganga undir neinu ákveðnu nafni, er sú að Páll Jónsson, skólastjóri á Skagaströnd, gekkst fyrir því á árunum 1950-60 að nemendur gróðursettu trjáplöntur á vorin en Páll hafði þá látið girða og friða landið.

Birki er allsráðandi og að öllum líkindum af Bæjarstaðaruppruna en auk þess eru þar nokkrar furur og tvö eða þrjú lerkitré. Hæstu tré gætu verið á fjórða metra og ná greinilega ekki að fara hærra enda bara Höfðinn sem skilur að Norður-Íshafið, sem svarrar á klettunum handan hans, nokkrum tugum metra vestar. Þrátt fyrir býsna erfiðar aðstæður, því þarna gefur væntanlega hreint og beint yfir trjágróðurinn í stórsjóum, sýnir birkið hér ótrúlega þrautseigju við ysta haf.

Nokkrir úr stjórn félagsins við eina efnilegustu sjálfsánu birkiplöntuna. T.f.v.: Hallbjörn Björnsson, meðstjórnandi og verkefnisstjóri. Formaður, Ingibjörg Kristinsdóttir, og Þorbjörg Magnúsdóttir, gjaldkeri.
Mynd: B.J. (S.Í.).



Skógarreitirinn í brekkurótum Spákonufellshöfða. Gróðursett af skólabörnum á Skagaströnd á árunum 1950-60. Mynd: B.J. (S.Í.).

Það sem er hins vegar ennþá ótrúlegra er að sjávarmegin við reitinn er nú að koma upp mikið af sjálfsánum birkiplöntum. Ástæða þessa mun vera sú að árið 1985 var Höfðinn friðaður. Reyndar mun alfriðun ekki hafa orðið fyrr en um 1988 og fyrir 4-5 árum fara menn að taka eftir því að bæði birkiplöntur og töluvert af loðvíði vellur upp. Jafnvel virðist birkið vera svo þrautseigt að uppi á hæsta kollinum er það að koma til. Nýju landnemarnir í Höfðanum eru eitthvert hið ótrúlegasta dæmi um sjálfsáningu birkis sem Laufblöðungur hefur séð.

Reiturinn sýnir svo ekki verður um villst að ýmislegt er hægt við erfiðar aðstæður og ef friðun kemur síðan í kjölfarið sér náttúran um framhaldið.

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins:

Loftorka Borgarnesi ehf
Lúðvík Geirsson
Malarvinnslan hf
Málmtak ehf
Másbakarí
Meistarafélag húsasmiða
Melabúðin
Menntaskólinn á Laugarvatni
Merking ehf
Merkúr
Mjölverksmiðjan
Múlakot ehf
Mýrdælingur hf
Mölur ehf
Nesbrú ehf
Nudd-höndin
Nýsýn-tölvugrafík
Olúfélagið hf
Optima
ORA
Osta & smjörösalan
Pennzoil, smurstöð
Purity Herbs snyrtivörur
R. Sigmundsson
Radióhúsið ehf
Rafeind sf
Rafiðn
Raftákn verkfræðistofa
Rafteikning
Rafveita Hafnarfjarðar
Rannsóknasetur Háskóla Íslands
Rafvík ehf
Reykjabúð hf
Reykjanesbær
Réttarholtsskóli
Ríkisendurskoðun
Samskip hf
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Sandvíkurhreppur
SD sjávar & jurtasmyrsl
Sementsverksmiðjan, Akranesi
Siglufjarðarkaupstaður
Sindri hf
Sjúkraþjálfinn
Sjúkraþjálfun Georgs
Skaftárhreppur
Skeiðahreppur
Skemmuprent
Skipaafgreiðsla Húsavíkur hf
Skipaafgreiðslan Sólborg ehf
Skógrækt með Skeljungu hf
Skógræktarfélag Garðabæjar
Skógræktarfélag Patreksfjarðar
Sláturfélag Suðurlands
Slökkvilið Reykjavíkur
Smárabakarí hf
Smith & Norland hf
Smurstöðin Esso Stórahjalla
Snæberg hf
Snævarrsvídeó
Sparisjóður Ólafsvíkur
Sparisjóður Rvk. & nágrennis
Sparisjóður Önundarfjarðar
Spretur - Garðauðum Sturlaugs
Staðarskáli Hrótafirði

Sumarverkin í garðinum

Sumarið er tími
garðvinnunnar.
Þá þarf að hafa við
hendina góð áhöld
til að auðvelda
vinnuna.
Núna getur þú
fengið flest
naðsynleg
garðverkfæri og
vélar á einum stað.



ALKO

Sláttuvélar
af öllum gerðum

MURRAY

Garðsláttuvélar
og sláttutraktorar



ECHO

Vélsláttuorð
og hekkklippur

OREGON

Garðverkfæri
og áhöld



HVELLUR

SMÍÐJUVEGI 4C • 200 KÓPAVOGUR

SÍMI: 587 9699 • FAX: 587 9644




Kanína í Öskjuhlíðinni. Mynd: J.G.P. (S.Í.).

Nýir íbúar í Öskjuhlíð

Í skógarferðum um Öskjuhlíð rekst Laufblöð-ungur iðulega á eitthvað nýtt og spennandi. Þar er vaxinn úr grasi gróskumikill skógur, sem er fjölsóttur allan ársins hring. Göngufólk, skokkarar, keppnismenn, fuglaskoðarar, stjörnuskoðarar, söguáhugamenn, sólbaðarar, skáld og sveppatínslufólk eru einungis örfá dæmi um hópa sem þar finna vettvang til athafna. Tæplega er hægt að hugsa sér betri hvíld frá erli dagsins en að leggja leið sína um svæði á borð við Öskjuhlíðina.

Í sveppaferð Laufblöðungs í Öskjuhlíðina í haust gekk hann fram á nýjan íbúa svæðisins. Í furulundi sat grá kanína og virtist una hag sínum hið besta. Alltaf eru einhver brögð að því að fólk sleppi kaninum í skógin. Virðast þær geta lífað þar í töluverðan tíma sakir þess að við hitaveitustokkana er jafnan talsverður hiti, sem þær geta yliað sér við, og eins það að hugulsamir vegfarendur gauka að þeim gulrótum og kálblaði ef svo ber undir. Án þess eiga þær enga möguleika á því að spjara sig í umhleyingasamri íslenski veðráttu. Það skyldi ekki eiga eftir að verða dægradvöl borgarbúa að fara og gefa kanínunum í Öskjuhlíðinni, í staðinn fyrir að gefa öndunum á Tjörninni?





Gardurinn
Hugmyndir að skipulagi og efnisvali

340 litmyndir
80 skýringamyndir
fjöldi garðteikninga

Bókin um garðinn

Fyrsta íslenska bókin sem fjallar einkum um hönnun garðsins, fjölbreytni í skipulagi og efnisvali. Vegleg bók, 208 síður.

Sendum hvert sem er gegn póstkröfu

Garðyrkjufélag Íslands
Frakkastígur 9, 101 Reykjavík, sími og fax 552 7721



GLÆSILEGT ÚRVAL AF HELLUM OG STEINUM. ENDALAUSIR MÖGULEIKAR.

STÉTT

Hyrjarhöfði 8
sími: 577 1700
fax: 577 1701

Skógar grisjaðir á vegum Skógræktarfélags Íslands



Í Varmahlíð í Skagafirði hefur Skógræktarfélag Skagfirðinga lagað aðgengi að fallegum skógarreit félagsins. Skógurinn er við hliðina á Upplýsingamiðstöð ferðamála í Varmahlíð og því kjörinn áningarstaður fyrir þreytta ferðalanga. Mynd: J.G.P.(S.Í.).

Skógræktarfélag Íslands hefur í mörg ár starfrækt grisjunarflokk, sem hefur farið á meðal skógræktarfélaganna og unnið að grisjun og umhirðu í skógum þeirra. Á síðasta ári var lögð sérstök áhersla á NV-land, þar sem víða eru fallegir skógar í umsjón félaganna.

Sérstakt átak var gert á vegum Skógræktarfélags Skagfirðinga við að grisja og lagfæra aðgengi að svæðum félagsins í

Varmahlíð. Félagið hefur umsjón með tveimur skógarreitum þar, öðrum við hlið tjaldsvæðisins neðan þjóðvegarins en hinum ofan þjóðvegarins við hliðina á Upplýsingamiðstöð ferðamála. Sett voru borð og bekkir í reitinn ofan vegar og stígar lagðir þannig að svæðið er orðið aðgengilegt gestum og gangandi. Hvetjum við alla þá sem leið eiga um Varmahlíð að koma við í skóginum, því hann leynir verulega á sér.

Skógræktarfélag Íslands tók einnig að sér grisjun á skógi í Þingvallasveit síðastliðið haust. Þar hefur Þórhallur Þorláksson fyrrv. kaupmaður ræktað sérstaklega fallegan skóg á sumarbústaðalandi sínu úr landi Skálabrekku og eru hæstu trén núna orðin um 10 m. Slíkir frumkvöðlar höfðu nægjanlega framsýni til að bera, að ryðja brautina fyrir þá ræktendur sem nú takast á við ber og blásin holt vítt og breitt um landið.

GÆÐAMOLD Í GARÐINN

Grjóthreinsuð
mold, blönduð
áburði, skeljakalki
og sandi. Þú sækir
eða við sendum.
Afgreiðsla á gömlu
sorphaugunum í
Gufunesi.



GÆÐAMOLD

MOLDARBLANDAN – GÆÐAMOLD HF.
Pöntunarsími 567 4988

*Þórhallur Þorláksson
hefur ræktað sérstak-
lega fallegan skóg við
Þingvalla vatn og
stendur hann hér við
falleg sitkagreni- og
alaskaaspartré.
Starfsmenn Sí unnu
þar að grisjun og um-
hirðu síðastliðið
haust.
Mynd: J. G.P. (S.Í.).*





Dautt sitkagrenitré á svæði Skógræktarfélags Reykjavíkur í Fossvogi. Mynd: J.G.P. (S.Í.).

Sitkagrenidauði á höfuðborgarsvæðinu

Í fyrrasumar tóku glöggir menn á höfuðborgarsvæðinu eftir einstaka dauðum sitkagrenitrjám. Yfirleitt voru það einstök tré í stærri þyrpingum vítt og breitt um borgina. Laufblöðungur hafði samband við Guðmund Halldórsson, sérfræðing Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá, sem fór á vettvang og skoðaði nokkur tré til að leita skýringa á þessu, enda undrunarefni að einstaka stór og frísk grenitré drepist.

Við nánari athugun kom í ljós að meindýr eða sveppir höfðu ekki grandað trjámum. Líklega hefur verið um að ræða eitthvert samspil umhverfisþátta. Yfirleitt stóðu þessi tré þar sem jarðvegur er frekar illa ræstur og þéttur. Veturinn áður voru mikil frost, sem ollu því að klaki fór djúpt í jörð. Vorið var frekar kalt, þannig að klaki var lengi í jörðu fram eftir vori. Þegar kom fram í maí og vöxtur trjánna fór af stað var jörð ennþá

frosin. Þegar sól fór að skína, virðist einstaka tré ekki hafa náð upp nægjanlegu vatni til mótis við það sem tapaðist út um barrið. Á sumum stöðum voru þetta tré sem virtust hafa orðið á eftir í lífsbaráttunni og voru þannig líklega eitthvað veikari fyrir.

Þessir samverkandi þættir, eða jarðvegsgerðin, frostið, vorkuldinn og sólfarið virðast hafa valdið álagi sem dró viðkvæmstu trén til dauða. Þannig hljóðar hugsanleg skýring á þessu fyrirbæri og samkvæmt henni ber ekki að líta á þetta sem alvarlegt mál heldur einungis þátt í úrvali náttúrunnar, sem skili okkur betri efniviði til þess að nota í ræktun framtíðarinnar.

Þetta fyrirbæri er þekkt í nágrannalöndunum og kallast til dæmis í Svíþjóð „tjältorka“ og veldur þar skemmdum á rauðgreni og dregur þau til dauða í verstu tilvikum.

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins:

Starfsmannafélag Olíuverzl. Ísl.
 Steypustöðin ehf
 Steypustöðin Stöpull
 Stjórnusteinn ehf
 Sætöppur ehf
 Söluskálinn Ásvegi 16
 Söluturninn Njálsgötu 1
 Söluturninn Bússa
 TAK hf
 Tannlæknastofa Helga Indriðas.
 Tálknafjarðarhreppur
 Teiknistofa Páls Zophoníassonar
 Teiknistofan Túngötu 3
 Tékk-Kristall ehf
 TF Búðin
 Tiffany's glerverkstæði
 Tjaldstæðið Kirkjubæ
 Tónspil
 Traustmynd
 Trésmiðja Ásgríms
 Trésmiðja Guðna Þórarínssonar
 Trésmiðjan Brú
 Trésmiðjan Megin ehf
 Trésmiðaverkst. Benna & Skúla
 Tölvuþjónusta Sonju
 Umhverfisráðuneytið
 Ungmenn & Íþróttasamb. Austurl.
 Vallarskeifan
 Valtýr Þorsteinsson ehf
 Ventusbátastöðin
 Verkalyðsfélagið Rangæingur
 Verkamannafélagið Hlíf
 Verkfræðist. Erlendar Birgissonar
 Verkfræðist. Jón B. Hafsteinss.
 Verkfræðist. Sigurðar Thorodds.
 Verkfræðistofa Suðurnesja ehf
 Verslun Steingríms
 Verslunin H-Sel
 Véla & bílaþjónusta Kristjáns
 Véla & skipaþjónustan Framtak
 Véla & stálsmiðjan
 Vélaleigan Þróttur hf
 Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar
 Vélþjónusta Ingvars
 Vélsmiðja Hauks Kjartanssonar
 Vinnuskóli Reykjavíkur
 Vinnuvélar Símonar
 Vistheimilið Gunnarsholti
 Vírnet hf
 Vöruflutningamiðstöðin
 Vöruval hf
 Þel hf
 Þín verslun Grímsbæ
 Þín verslun Straumnes
 Þorsteinn Sveinsson
 Þorvaldur Kristjánsson rafverkt.
 Þórshafnarhreppur
 Þrastarhóll ehf
 Ökuskóli sf
 Ölfushreppur
 Ölur hf



WERMEER

**trjákurllarar,
margar
stærðir**



MERKÚR

Skútuvogi 12 a, sími 581 2530 • Upplýsingar hjá sölumönnum



SHendurskoðun

Vírnet

Molta

gefur garðinum líf

*Rós blómstraði hjá mér
í fyrsta skipti!*



Góð í útplöntun

*Selleri spratt vel og munur sást á kartöflugarðinum**

Hentar vel sem yfirborðslag

*Skemmtileg mold og falleg fyrir augað**

Fin fyrir grasflötina

*Sprettan á tünflötinni var eins og undan áburði**

Góð næring fyrir tré og blóm

*Birkitréð hressist við að fá Moltuna**

Eykur árangur af matjurtaræktun

*Næstum of mikil spretta á kinakáli og grænkáli**

* Ummæli félaga í Garðyrkjufélagi Íslands sem notuðu Molta við fýrða ræktun sumarið 1996.

Molta er lifrænn jarðvegsbætur sem unnin er úr garðaúrgangi af höfuðborgarsvæðinu. Molta verkar eins og áburður en færir jarðveginum einnig umbreytt lifræn efni og æskilega örveruflóru. Molta er mjög rík af helstu næringarefnum plantna og lifgar ófrjóan jarðveg við.

SORPA

SORPEYDING HÖFUDBORGARSVÆÐISINS bs

Gufunesi • Box 12100 • 132 Reykjavík
Sími 567 6677 • Bréfasími 567 6690



Lykillinn að ánægjulegu ferðalagi er þægilegur farkostur.

Settu markið hærra á nýjum Terrano II

alvöru jeppa á hagstæðu verði

Terrano II er stækbyggður fjórhjóladrifinn jeppi, byggður á heilli grind með háu og lágu drifi og er ótrúlega ljúfur í akstri.

Í Terrano II situr þú hátt og örugglega með gott útsýni.



Terrano II er einstaklega þægilegur og rúmgóður sjó manna jeppi.

Komdu sem allra fyrst í reynsluakstur á Terrano II og finndu muninn



Ingvar Helgason hf.
Sævarhlíða 2
Sími 525 8000